

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 12. maí 2026

Viktor Jens Vigfússon

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir. Velkomin á aðalfund LB. Ég mun nú fara yfir það helsta sem snýr að starfsemi félagsins og rekstri þess á liðnu ári.

Starfsemi félagsins var með venjubundnum hætti árið 2025. Rekstur bókasafnskerfanna gengur vel og stöðugt bætist við þekkingu og reynslu bæði starfsmanna félagsins og viðskiptavina sem leiðir til betri og fjölbreyttari notkunar kerfanna.

Sem fyrr er leiðsögn og þjónusta til aðildarsafna sem og nýsköpun ríkur þáttur í starfsemi félagsins og varð engin breyting þar á á árinu, en ég mun hér á eftir fara yfir helstu nýjungar sem snúa að þjónustu og kerfum eins og Gegni, Sarpi og Leitir.is.

Ársreikningur 2025

Reksturinn gekk vel á árinu og varð rekstrarniðurstaðan 18 m.kr. hagnaður. Að venju höfðu vaxtatekjur afgerandi áhrif en hreinar fjármunatekjur námu 13,3 m.kr.

Rekstrartekjur félagsins samanstanda af seldri þjónustu til bókasafna, sem eru að stærstum hluta í eigu ríkisstofnana og sveitarfélaga, og öðrum tekjum, en þær eru einkum vegna þjónustusamnings við Rekstrarfélag Sarps. Rekstrartekjur ársins 2025 voru 249,8 m.kr. og hækkuðu um 4% á milli ára.

Rekstrarkostnaður ársins 2025 var 240,8 m.kr. en var 234,9 m.kr. m.kr. á árinu áður. Laun og launatengd gjöld námu 129,2 m.kr. og lækkuðu um 4,7% frá fyrra ári. Annar rekstrar-kostnaður nam 111,5 m.kr. og hækkar um 12,3%. Afskriftir kerfis voru 7,0 m.kr.

Félagið styrkti Landsfund Upplýsingar um 300 þús. kr. og ARLIS/Norden Reykjavík um 50. þús.kr.

Eigið fé Landskerfisins nam 243,3 m.kr. í árslok 2025 en skuldir 34,0 m.kr. Heildareignir voru 282,729 m.kr. Hlutfé félagsins er 147,6 m.kr. og hélst óbreytt á árinu. Óefnislegar eignir námu 38,1 m.kr. í árslok. Viðbót á árinu vegna Leganto nam 0,6 m.kr. Eiginfjárlutfallið er 86% og veltufjárlutfallið 7,1.

Ársreikningur félagsins var að venju unninn af Fjárstoð ehf. en Ríkisendurskoðun sá um endurskoðun og var hún án athugasemda líkt og áður.

Eignarhald, stjórnun og fleira

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi sem haldinn var 6. maí 2025, að úr stjórn gengu Árni Konráð Bjarnason og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Stjórnarfélagið Viktor Jens Vigfússon og Pálína Magnúsdóttir var endurkjörð í stjórn félagsins en Kristjana Hreiðarsdóttir og Örn Hrafnkelsson komu ný inn í stjórn. Á fundinum var samþykkt 3,7% hækkun á þóknun stjórnar.

Tvær tillögur um breytingar á samþykktum voru samþykktar á fundinum. Önnur varðaði endurnýjun á heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár vegna mögulegrar tilkomu nýrra hluthafa og gildir hún til næstu fimm ára. Hin tillagan laut að því að heimilt yrði að boða til hlutahafafundar með tölvupósti ef hluthafi hefur ekki sérstaklega óskað eftir bréflægri boðun. Heimildin var nýtt í fyrsta skipti nú við boðun aðalfundar 2026.

Stjórnin hélt 10 fundi á árinu 2025.

Gjaldskrá félagsins er endurskoðuð árlega í takti við breytingar á bæði neysliverðsvísitölu og íbúafjölda samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gjaldskrá ársins 2025 var reiknuð út frá breytingu á íbúafjölda árána 2023 og 2024 og breytingu á neysliverðsvísitölu á milli septembermánaða sömu ára. Alls nam gjaldskrárhækkun frá 1. janúar 2025 því 4,361%.

Starfsmannamál

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Tveir starfsmenn létu af störfum og einn fór í langtímaveikindaleyfi sem enn stendur yfir. Tveir nýir starfsmenn voru hins vegar ráðnir til félagsins á árinu, annars vegar sérfræðingur í bókasafnakerfum og gagnavinnslum og hins vegar í þjónustu við bókasöfn.

Meðalföldi stöðugilda á árinu 2025 var því níu og lækkaði um eitt stöðugildi frá árinu á undan. Auk framkvæmdastjóra eru sex sem þjónusta bókasöfnin og tveir sinna aðildarsöfnum Sarps.

Ekki urðu breytingar á skipan Skráningarráðs Gegnis á árinu. Í ráðinu sitja María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmadóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn „Doddi“ Jónsson sem formaður. Skráningarráð stóð fyrir fræðslufundi skrásetjara í maímánuði og var hann að venju fjölsóttur.

Rekstur og viðhald upplýsingakerfa

Landskerfi bókasafna rekur bókasafnskerfið Gegni á landsvísu, leitargáttina Leitir, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, sem er í eigu Rekstrarfélags Sarps. Á starfsárinu bættist kerfið Leganto (rafrænir leslistar) í hópinn, en með því er komið á tengingu á milli bókasafnskerfis og kennslukerfis háskóla. Háskólinn á Akureyri hefur notað Leganto frá hausti og fleiri háskólar sýna því áhuga.

Gegnir og Leitir, sem voru tekin í rekstur um mitt ár 2022, byggja á skýjalausnunum Alma og Primo frá fyrirtækinu Ex Libris sem tilheyrir Clarivate samsteypunni. Áskriftarsamningur er til 8 ára með möguleika á framlengingu um önnur 4 ár þannig að samningstími verður lengstur 12 ár. Samningstími fyrir Leganto helst í hendur við samningstíma bókasafnskerfanna. Um er að ræða hugbúnaðarþjónustu, þ.e. leigður er aðgangur að skýjalausnunum sem eru hýstar í gagnaveri Ex Libris, nú í München í Þýskalandi. Bókasafnakerfin eru í

stöðugri þróun hjá framleiðanda og eru uppfærð mánaðarlega með ýmsum nýmælum. Nýting gervigreindar við skráningu og annað er vinsælt viðfangsefni líkt við er að búast.

Í lok ársins var gengið frá samningi um nýja viðbót við bókasafnskerfið og kallast sú Specto, en með henni eykst stuðningur við stafrænt efni í Gegni. Innleiðing kerfisins er áformuð á seinni hluta yfirstandandi árs.

Eitt af nýjum þróunarverkefnum hjá félaginu var smíði og hönnun á vefsíðu fyrir lénið bokasofn.is sem félagið á. Útlitshönnun var í höndum Bókasafns Kópavogs sem fór fyrir verkefninu í tengslum við kynningarátak almenningsbókasafna, en síðan er ætluð þeim markhópi. Öll Gegnissöfn hafa aðgang að stjórnandaðgangi bokasofn.is og geta þar fært inn ýmsar upplýsingar um sitt safn, sett saman bókarúllur og annað sem síðan má miðla áfram líkt og Borgarbókasafn gerir nú með bókarúllur á nýrri heimasíðu sinni. Fleiri söfn áforma uppfærslur á heimasíðum sínum og þar verður væntanlega að einhverju leyti róið á sömu mið. Allt mun þetta nýtast í tengslum við stóra uppfærslu á Leitum (Primo NDE) sem er nú í undirbúningi. Þá verða vefþjónustur á bokasofn.is nýttar til að auðga safnasíður í Leitir.is og gera þær myndrænni og markvissari. Með þessari samtvinnun gagna og þjónusta og miðlun á Leitum, heimsíðum safna sem og sértækum vefsíðum á borð við bokasofn.is rætist langþráður draumur og hefur í för með sér betri þjónustu við lánþega.

Tölfræði bókasafna í Gegni til Hagstofu Íslands

Um árabíl hefur félagið reynt að koma á samstarfi við Hagstofu Íslands um birtingu tölfræði bókasafna. Á árinu urðu straumhvörf er samráð hófst varðandi skil, úrvinnslu og birtingu á tölfræði úr Gegni á vef Hagstofunnar.

Á Þorláksmessu birti Hagstofan fyrstu tölur um bókasöfn um langa hríð. Þetta voru tölur um lánþega bókasafna og útlán þeirra á árabílinu 2023-2025 sett í samhengi við ársfjórðungsleg mannfjöldagögn Hagstofunnar. Fréttin var birt undir yfirskriftinni „[Bókasöfnin lánuðu til 16% landsmanna](#)“. Frekari birtingar eru á döfinni.

Í byrjun maí 2026 var síðan undirritað samkomulag á milli aðila um gagnaskil vegna opinberrar hagskýrslugerðar um bókasafnstölfræði. Í tilkynningu Hagstofunnar sagði m.a. „Samkomulagið leggur traustan grunn að samstarfi stofnananna og opnar á möguleika á frekari framþróun á þessu sviði“.

Samstarf og samráð

Að venju áttu starfsmenn félagsins í miklu og fjölbreyttu samstarfi við bæði viðskiptavini og ytri aðila. Félagið tók þátt í og var með erindi á ýmsum viðburðum. Má þar nefna Fræðslufund skrásetjara, notandaráðstefnu Aleflis, Landsfund Upplýsingar og ráðstefnu Bókasafns Kópavogs, „Bókasafnið í fjölmennningarlegum samfélagi“. Þar var í erindi Landskerfisins varpað ljósi á hvað gögnin í Gegni segja um hvernig almenningsbókasöfnin styðja við fjölmenningu með fjölbreyttum safnkosti. Niðurstaða úttektarinnar var að betur má ef duga skal, en safnkostur á tungumálum innflytjenda er mjög takmarkaður. Sem dæmi má nefna að árið 2024 voru eintök á pólsku tæplega 14.000 talsins en Pólverjar á landinu 22.000 samkvæmt Hagstofutölum sem gerir um 0,6 eintök á hvern Pólverja. Sennilega væri eina

leiðin til að þjónusta innflytjendur að samnýta safnkost á milli safna og eða bjóða upp á rafrænt innflytjendasafn líkt og dæmi eru um frá Norðurlöndunum.

Að venju sendi félagið fulltrúa á NNG (Nordic Networking Group) fund sem haldinn var í Riga í Lettlandi 8-9. maí. NNG er samstarfsvettvangur bókasafnasamlaga og landsbókasafna á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum.

IGelu notandaráðstefnan, sem er samráðsvettvangur þeirra sem nota vörur frá Clarivate Ex Libris var haldin í Siena á Ítalíu 15-19. september og þangað fóru tveir starfsmenn félagsins og fluttu erindi um ýmsar áskoranir sem tekist er á við í rekstri bókasafnskerfanna.

Einnig er vert að nefna að Sveinbjörg framkvæmdastjóri varð þess heiðurs aðnjótandi að vera boðið að vera aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem bibnet bókasafnasamlagið í Luxemburg stóð fyrir 17. mars fyrir viðskiptavini og samherja.

Námskeiðshald og miðlun

Á kennsluárinu 2025-2026 voru alls kennd 23 námskeið með hátt í 700 þátttakendum. Haldið áfram með þá stefnu að bjóða nær eingöngu upp á námskeið á vefnum. Undantekningin er námskeið í bókfræðiskráningu sem er þriggja daga staðnámskeið. Svokölluð örnámskeið njóta mikilla vinsælda. Auk hefðbundinna námskeiða var lögð áhersla á að aðstoða starfsfólk bókasafnanna að hagnýta aðfangabátt kerfisins betur. Einnig voru nokkrar kynningar í tengslum við nýja tölfræðivinnslu og gagnagreiningu.

Námskeið í Gegni veturinn 2025-2026:

Tegund námskeiðs	Námskeið fjöldi	Þátttakendur fjöldi
Kynning og ítarnámskeið	6	166
Undirstöðunámskeið	4	129
Sérhæfð námskeið	4	70
Örnámskeið	6	201
Tölfræði	3	95
Samtals	23	661

Tölfræði Gegnis 2025


Snemma haust 2025 hófst vinna við nýja tölfræði- og gagnavinnslu sem býður upp á mikla samþættingu gagna og opnar á nýja möguleika við greiningu og túlkun. Markmiðið var að vera með lifandi gögn, einsleitt umhverfi, sveiganleika og beina tengingu við Gegni. Byggt er á víðtækum undirliggjandi gögnum sem eru opin og auðveldar þannig allt gæðaeftirlit og samræmi. Sjálfstæði safnanna á að aukast þar sem auk tölfræðinnar er hægt að sækja lista yfir allar mögulegar breytur, svo sem titla í ákveðinni safndeild. Í dag ná tölfræðivinnslunar til áþreifanlegs efnis en ekki rafræns safnkosts.

Almennt má segja að hlutfallslega séu litlar breytingar á árslokátölfræði Gegnis á milli ára. Þó sést að útlán á áþreifanlegu efni hafa dregist saman og eintökum fækkar lítillega. Allnokkur

tiltekt og grisjun var á titlum í landskjarna. Háskólarnir byggja sinn safnkost fyrst og fremst á rafrænu efni og því dregur úr hefðbundnum útlánum.


Lykiltölur Gegnis 2018 – 2025

Ár	Útlán	Eintök	Titlar
2018	3.076.653	5.956.964	1.255.868
2019	3.130.075	5.893.002	1.285.496
2020	2.423.285	5.881.064	1.272.530
2021	2.723.820	5.847.255	1.269.424
2022	2.342.939	5.818.934	N/A*
2023	2.279.376	5.829.591	1.298.700
2024	2.269.832	5.775.174	1.245.158
2025	2.288.256	5.747.376	1.199.673**




*Vegna kerfisskipta eru upplýsingar óáræðanlegar
 ** Samtala titla með áþreifanleg eintök (tekið út 7/5/226)

Megnið af útlánum er í almenningsbókasöfnum eða 65%, grunnskólasöfnin eru með 30% útlánanna og síðan skipta hinir 7 safnakjarnarnir 5% af útlánum á milli sín.



Topplistar (vinsælustu bækurnar)

Forsendum topplista var umbylt með nýju tölfræðivinnslunni og nú er hægt að svara ýmsum spurningum sem var ekki mögulegt áður. Helsta breytingin er að nú er bæði hægt að fá topplista yfir titla og höfunda. Hægt er að afmarka við uppruna höfundar, það er að segja hvort höfundur er íslenskur eða erlendur og það sama á við tungumál.



Vinsælustu bækurnar fyrir Gegni sem heild 2025 eru samkvæmt hefðinni *þýddar* barnabækur. Vinsælasti titillinn er Hundmann: taumlaus eftir Dav Pilkey með 2.324 útlán en hinar ýmsu Hundmann og Kattmann bækur koma í kjölfarið og verma 7 af 10 efstu sætunum. Vinsælustu íslensku barnabækurnar eru eftir Yrsa Þöll Gylfadóttur og eru titlarnir Hendi!, Prumpusamloka og Varúlfurinn.

Vinsælustu *íslensku* barnabókahöfundarnir eru Birgitta Haukdal, Yrsa Þöll Gylfadóttir, Bjarni Fritzson og Ævar Þór Benediktsson. Það safnast í sarpinn hjá barnabókahöfundum þar sem einstakir titlar barnabóka haldast oft í virkum útlánnum svo árum skiptir. Til dæmis er Birgitta Haukdal með 28 titla þar sem Lára og Atli eru í aðalhlutverkum.

Vinsælustu íslensku barnabókahöfundar

Höfundur	Titill	Grand Total ▼	2025
Grand Total		167,579	167,579
Birgitta Haukdal 1979- höfundur		37,681	37,681
Yrsa Þöll Gylfadóttir 1982- höfundur		34,502	34,502
Bjarni Fritzson 1980- höfundur		28,238	28,238
Ævar Þór Benediktsson 1984- höfundur		27,404	27,404
Huginn Þór Grétarsson 1978- höfundur		22,217	22,217
Gunnar Helgason 1965- höfundur		17,537	17,537

Mest lánaða íslenska skáldsagan er *Kvöldið sem hún hvarf* eftir Evu Björk Ægisdóttur. Þar á eftir kemur *Ferðalok* eftir Arnaldur Indriðason og *Í skugga trjáanna* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.



Titill	Höfundur	Grand Total ▼	2025
Grand Total		113,512	113,512
Kvöldið sem hún hvarf- evab	Eva Björg Ægisdóttir 1988- höfundur	1,681	1,681
Ferðalok- arna	Arnaldur Indriðason 1961- höfundur	1,580	1,580
Í skugga trjánna : skáldsaga- guðr	Guðrún Eva Mínervudóttir 1976- höfundur	1,576	1,576
Ég læt sem ég sofi- yrsa	Yrsa Sigurðardóttir 1963- höfundur	1,547	1,547
Hulda- ragn	Ragnar Jónasson 1976- höfundur	1,502	1,502
Þegar sannleikurinn sefur- nann	Nanna Rögnvaldardóttir 1957- höfundur	1,369	1,369
Diplómati deyr- eliz	Eliza Reid 1976- höfundur	1,221	1,221
Ég færi þér fjöll- kris	Kristín Marja Baldursdóttir 1949- höfundur	1,160	1,160
Dauðinn einn var vitni- stef	Stefán Máni 1970- höfundur	1,149	1,149
Gestir- hild	Hildur Knútsdóttir 1984- höfundur	1,012	1,012
Svikaslöð : glæpasaga- ragn	Ragnheiður Jónsdóttir 1989- höfundur	970	970


Þegar vinsælustu íslensku skáldsagnahöfundarnir eru skoðaðir þá kemur í ljós að fyrir utan þekktu höfunda samtímans er Guðrún frá Lundi í einu af efstu sætunum.

Mest lánuðu íslensku skáldsöguhöfundarnir

Höfundur	Titill	Grand Total ▼	2025
Grand Total		47,831	47,831
Arnaldur Indriðason 1961- höfundur		7,608	7,608
Ragnar Jónasson 1976- höfundur		7,136	7,136
Eva Björg Ægisdóttir 1988- höfundur		6,793	6,793
Yrsa Sigurðardóttir 1963- höfundur		5,964	5,964
Stefán Máni 1970- höfundur		5,310	5,310
Ragnheiður Gestsdóttir 1953- höfundur		3,299	3,299
Auður Ava Ólafsdóttir 1958- höfundur		2,591	2,591
Sigríður Hagalín Björnsdóttir 1974- höfundur		2,417	2,417
Guðrún frá Lundi 1887-1975 höfundur		2,329	2,329
Ólafur Jóhann Ólafsson (rithöfundur) 1962- höfundur		2,226	2,226

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og almenningsbókasafna í Gegni sem Borgararbókasafn Reykjavíkur fer fyrir og byggir á OverDrive veitunni. Útlán Rafbókasafnsins voru 73.639 árið 2025 og haldast útlánin nokkuð stöðug á milli mánaða. Hljóðbækur og tímarit njóta mestra viðsælda.



Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL)

Landskerfi bókasafna er aðili að Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista en alls eru 15 stofnanir, þar með talið Landsbóksafn Íslands – Háskólabókasafn og Rekstrarfélag Sarps aðilar að miðstöðinni. Markmið MSHL er að styðja við uppbyggingu og aðgengi að rannsóknainnvíðum á sviði stafrænna hugvísinda (e. digital humanities) og tengjast alþjóðlegum rannsóknum.

MSHL hefur átt í viðræðum við ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla vegna landsáætlunar um stafvæðingu. Vinnuhópar í ranni MSHL eru að störfum og fjalla um stöðlun lýsigagna og höfundarréttarmál. Framkvæmdstjóri hefur tekið þátt í vinnu lýsigagnahóps þar sem m.a. er rætt um nafnaskrá á landsvísu fyrir Ísland sem yrði þarft en að sama skapi mjög metnaðarfullt verkefni gangi það eftir. MSHL stefnir að því að gera gagnasöfn undirstofnana leitabær frá vef sínum og hefur Leitir komið til tals í þessu sambandi.

Aðildarfélög MSHL, þar með talið Landskerfi bókasafna hf., greiddu 350 þús.kr. framlag til Miðstöðvarinnar á árinu 2025 til að fjármagna hluta af stöðugildi verkefnastjóra.

Sarpur og Rekstrarfélag Sarps

Landskerfi bókasafna sér um rekstur menningarsögulega gagnasafnsins Sarps og Rekstrarfélags Sarps samkvæmt samningi félaganna þar um. Samstarfið hefur staðið yfir frá árinu 2013 og á þeim tíma hefur Sarpur vaxið og dafnað.

Tveir starfsmenn Landskerfisins vinna við Sarp eingöngu en auk þess sinna nokkrir aðrir starfsmenn félagsins þar með talið framkvæmdstjóri, vinnu fyrir Rekstrarfélagið í hlutastarfi. Í stjórn Rekstrarfélags Sarps sitja Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands og Gerður Róbertsdóttir frá Borgarsögusafni.

Mikið verk var unnið á vettvangi Sarps á árinu. Hún sneri að innleiðingu arftaka heimasíðaþáða kerfisins, Sarpur 3. Nýja kerfið, Sarpur 4 byggir á hugbúnaðinum MuseumPlus frá evrópska fyrirtækinu Zetcom en hann er víða í notkun á erlendum söfnum. Samhliða

uppfærslu á innra kerfinu (starfsmannaumhverfið) var ytri vefurinn, sarpur.is, uppfærður og byggir hann nú á hugbúnaði frá sama fyrirtæki. Keyptur er aðgangur að hugbúnaðinum sem er rekin í skýjaumhverfi. Eru nýju kerfin mikil bragarbot að öllu leyti og koma Sarpi inn í nútímann.

Á meðal nýmæla í nýja Sarpi sem áhugaverið eru fyrir bókasöfnin og eigendur þeirra er að nú er hægt að leita úr Sarpi beint í bókasafnskerfinu og sækja færslur þaðan fyrir heimildaskrár í Sarpi. Sarpur er tengdur við bæði þjóðskrá og fasteignaskrá. Sarpur er leitarbær í gegnum safnagáttina okkar, Leitir.is, með sama hætti og á sarpur.is.

Sarpur 4 var opnaður 3. desember við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar sem Logi Einarsson ráðherra menningar-, nýsköpunar- og háskólamála flutti ávarp og opnaði ytri vefinn.

Fleira féll til á vettvangi stjórnar Rekstrarfélags Sarps. Sótt var um styrk í Innviðasjóð Rannís í gegnum MSHL fyrir DAM kerfi sem yrði viðbót við Sarp 4. Þegar þessar línur eru skrifaðar liggur fyrir að styrkbeiðnin hefur verið samþykkt og því fyrirséð að hér fellur til stórt verkefni frá hausti þessa árs. Að auki var settur á laggirnar starfshópur sem hefur það hlutverk að endurskoða uppbyggingu gjaldskrár Rekstrarfélagsins og leita leiða til að tryggja rekstur félagsins til framtíðar. Starfshópurinn hefur átt samtál við stjórnvöld á lands- og sveitarstjórnastigi.

Lokaorð

Starfsárið var að venju annasamt en að sama skapi gjöfult og reksturinn gekk vel.

Kynslóðaskipti eru í gangi í starfsmannahópi. Annar fyrstu starfsmanna félagsins lauk störfum snemma árs 2025 og hinn áformar að hætta störfum seinna á þessu ári. Fyrir dyrum standa því ráðningar og þekkingaryfifærsla.

Hafinn er undirbúningur breytinga á Leitum í samræmi við hugbúnaðaruppfærslu á undirliggjandi hugbúnaði (Primo) en hún gerir mögulegt að mæta betur þörfum safna og lánþega líkt og fram hefur komið. Á meðal fyrirhugaðra nýmæla má nefna tengingu við greiðslumiðla frá Leitum. Auk þess verður betur hægt að mæta óskum safna á sértækum síðum þeirra í Leitum og möguleikum á samtönnun við heimsíður svo nokkuð sé nefnt.

Framundan er innleiðing á Specto kerfisviðbótinni við bókasafnskerfið sem rekur smiðshöggið á það sem stafrænan landsinnvið. Árlegur rekstrarkostnaður félagsins mun hækka um 2,5 m.kr. árið 2027 en þá er gert ráð fyrir að viðbótin verði komin í fullan rekstur.

Að lokum ég þakka ég, fyrir hönd stjórnar, Sveinbjörgu framkvæmdastjóra fyrir styrka stjórn og gott upplýsingaflæði til okkar í stjórninni. Landskerfi óska ég velfarnaðar við áframhaldandi framþróun á kerfum og þjónustu til bókasafna og annarra viðskiptavina.

.....